

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Natriumklorid B. Braun 9 mg/ml leysir fyrir stungulyf

natríumklóríð

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Natriumklorid B. Braun og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Natriumklorid B. Braun
3. Hvernig nota á Natriumklorid B. Braun
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Natriumklorid B. Braun
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Natriumklorid B. Braun og við hverju það er notað

Þetta lyf er lausn sem inniheldur natríumklóríð og er ætluð til inndælingar.

Það inniheldur sama styrk natríumklóríðs og styrkur salta er í blóði.

Það er notað sem leysi- eða þynningarvökvi til blöndunar annarra stungulyfja.

2. Áður en byrjað er að nota Natriumklorid B. Braun

Verið getur að lækinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

Ekki má nota Natriumklorid B. Braun

- ef blóðið þitt inniheldur allt of mikið af natríum (mikil blóðnatríumhækkun)
- ef blóðið þitt inniheldur allt of mikið af klóríði (blóðklóríðhækkun).

Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en Natriumklorid B. Braun er notað.

Gætið sérstakrar varúðar við notkun Natriumklorid B. Braun:

- ef þú ert blóðnatríumhækkun
- ef þú ert með blóðklóríðhækkun.

Notkun annarra lyfja samhliða Natriumklorid B. Braun

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Samhliða notkun lyfja sem valda uppsöfnun natríums (t.d. barkstera og bólgueyðandi gigtarlyfja) og Natriumklorid B. Braun getur valdið bjúgi.

Meðganga og brjóstagjöf

Við meðgöngu, brjóstagjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

Meðganga

Þar sem þéttni natríums og klóríðs er svipuð þéttni þeirra í líkama manna er ekki búist við neinum skaðlegum áhrifum ef lyfið er notað samkvæmt ábendingum.

Brjóstagjöf

Þar sem þéttni natríums og klóríðs er svipuð þéttni þeirra í líkama manna er ekki búist við neinum skaðlegum áhrifum ef lyfið er notað samkvæmt ábendingum. Því má nota Natriumklorid B. Braun samhliða brjóstagjöf ef þörf krefur.

Akstur og notkun véla

Natriumklorid B. Braun hefur engin áhrif á hæfni til aksturs eða notkunar véla.

3. Hvernig nota á Natriumklorid B. Braun

Þetta lyf er notað við blöndun stungulyfja (lyf gefin með sprautu). Það er gefið í bláæð, í vöðva eða undir húð.

Skammtar

Skammturinn sem þú færð ræðst af leiðbeiningum sem gefnar eru fyrir lyfið sem á að leysa upp eða þynna.

Ef notaður er stærri skammtur af Natriumklorid B. Braun en mælt er fyrir um

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222). Hafið samband við lækni eða lyfjafræðing ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfið.

Ef þú færð of mikið magn af þessu lyfi getur það valdið því að í blóðinu verði of mikið magn af vökva, natríum eða klóríði og að sýruinnihald blóðsins verði of mikið.

Ef þetta gerist verður meðferð með Natriumklorid B. Braun hætt samstundis. Til viðbótar færð þú þvagræsandi lyf til að auka þvagmagn. Fylgjast þarf með þéttni salta í blóðinu. Læknirinn mun ákveða frekari meðferð þar til þéttni salta, vökvajafnvægið og sýru-basa jafnvægið eru orðin eðlileg að nýju.

Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Ekki er búist við neinum aukaverkunum ef lyfið er notað samkvæmt leiðbeiningum.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Natriumklorid B. Braun

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluaðstæður lyfsins.
Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á lykjunum og á ytri umbúðunum.
Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Ekki skal nota lyfið ef lausnin virðist skýjuð eða ef umbúðirnar leka.

Eftir blöndun fullbúinnar lausnar:

Frá örverufræðilegu sjónarmiði skal nota lyfið strax. Ef það er ekki notað strax eru geymslutímar og geymsluaðstæður fyrir notkun á ábyrgð notanda og eiga venjulega ekki að vera lengri en 24 klst. við 2 til 8°C.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Natriumklorid B. Braun inniheldur

- Virka innihaldsefnið er natríumklóríð.
1 ml af leysi fyrir stungulyf inniheldur 9 mg af natríumklóríði.
- Annað innihaldsefni er vatn fyrir stungulyf.

Lýsing á útliti Natriumklorid B. Braun og pakkningastærðir

Natriumklorid B. Braun er tær, litlaus lausn af natríumklóríði í vatni.

Pakkningar:

- Gler-hettuglös lokuð með gúmmítöppum, innihald: 50 ml, 100 ml.
Pakkningastærðir: 20 x 50 ml
20 x 100 ml
- Pólýetýlen lykjur, innihald: 5 ml, 10 ml, 20 ml.
Pakkningastærðir: 20 x 5 ml
20 x 10 ml
20 x 20 ml
- Pólýprópýlen lykjur, innihald: 10 ml, 20 ml.
Pakkningastærðir: 50 x 10 ml
100 x 10 ml
50 x 20 ml
100 x 20 ml

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Markaðsleyfishafi

B. Braun Melsungen AG
Carl-Braun-Strasse 1
34212 Melsungen
Þýskaland
Póstfang:
34209 Melsungen

Þýskaland

Framleiðandi

B. Braun Melsungen AG
Carl-Braun-Strasse 1
34212 Melsungen
Þýskaland

eða

B. Braun Medical S.A.
Carreterra de Terrassa 121
08191 Rubí, Barcelona, Spánn

eða

Diaco Biofarmaceutici S.R.L.
Via Flavia, 124
34147 Trieste (TS)
Italy

Umboðsaðili á Íslandi

Actavis Pharmaceuticals Iceland ehf.
Dalshraun 1
220 Hafnarfjörður

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í september 2025.